

2. gr.

2. mgr. 16. gr. fellur niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Til 1. apríl 1998 skal veita styrki til að úrelða krókabáta á sóknardögum. Skal úreldingarstyrkurinn nema 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II. skv. þeim lögum sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Einnig gilda ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 7/1996 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum, eftir því sem við á. Skal Þróunarsjóður hafa lokið öllum afgreiðslum vegna umsókna krókabáta á sóknardögum um úreldingarstyrki fyrir 1. maí 1998.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 92 24. maí 1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUR

um styrkveitingar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn.

1. gr.

Menntamálaráðherra úthlutar styrkjum af fé því sem veitt er í fjárlögum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn. Aðalmarkmið styrkjanna er að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni og jafnframt að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í staf-rænt upplýsinganet. Styrkirnir eru veittir að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um málefni almenningsbókasafna.

2. gr.

Styrki má veita til verkefna sem samræmast þeim markmiðum er um ræðir í 1. gr., þ. á m.:

- a. Kaupa á tölvubúnaði.
- b. Endurmenntunar bókavarða.
- c. Að semja og gefa út fræðslufni fyrir almenning um hvernig færa megi sér nýja upplýsingatækni í nyt.
- d. Verkefna sem lúta að tölvutengingu bókasafna.

Styrki má einnig veita til annarra þróunarverkefna í þágu almenningsbókasafna, einkum á sviði rannsókna og fræðslu.

3. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki. Í umsókn skal lýsa eðli, markmiðum, umfangi og framkvæmd verkefnis og áætla tímamörk og kostnað við framkvæmd þess. Jafnframt skal koma fram hvaða aðilar muni vinna að verkefninu, ef við á, og hvaða bókasafn/bókasöfn standi að því, svo og áætlun um fjármögnun. Umsóknir skulu berast fyrir 1. nóvember ár hvert. Ákvörðun um úthlutun skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

4. gr.

Forstöðumenn almenningsbókasafna, bókasafnsstjórnir, bókaverðir og samtök bóka-
verða geta sótt um styrk.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið og styrkþegi gera skriflegan samning um verkefnið þar sem fram kemur í hverju það er fólgið, markmið þess, lýsing á framkvæmd og tímasetningar. Einnig skal þar tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins og kveðið á um hvernig staðið skuli að greiðslum og reikningsskilum. Samningurinn skal áritaður til staðfestingar f.h. hlutaðeigandi sveitarstjórnar/sveitastjórna.

6. gr.

Þeir sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu um verkefnið til menntamálaráðuneytisins. Ráðgjafarnefnd ákveður skilátíma skýrslu fyrir hvert verkefni eftir umfangi þess og áætl-
uðum framgangi.

7. gr.

Heimilt er að binda styrk skilyrði um að mótframlag fái úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum. Að öðru jöfnu ganga þau bókasöfn fyrir um styrk til tölvu- og hugbúnaðarkaupa sem þegar hafa tryggt sér slíkt mótframlag.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umsóknarfrestur vegna styrkja á árinu 1998 skal vera til 1. mars það ár.

Menntamálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.